

## NÁMSAÐSTOÐ

### á lokasprettinum fyrir vorprófin

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur  
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

## BYGGINGAGREINAR



Hefur þú starfað við málaraiðn eða múraraíðn í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

### Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

Kynningarfundur verður haldinn þriðju-daginn 23. apríl kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 1. hæð (gengið inn vestan megin).

NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á IDAN.IS



Áhugasömum er bent á að hafa samband við IDUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is

FRÆDSLUMÍÐSTOÐ  
ATVINNULÍFSINS  
MENNTUN & VINNUMARKAÐI



IDAN  
fræðslusetur  
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík  
idan@idan.is - www.idan.is

HÖNNUN  
HRAÐI  
FIGURÐ

ASUS  
ZENBOOK™

tl.is  
TÖLVU  
LISTINN



**BREYTT LIÐAN**  
Kristín segist finna mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Femarelle.  
MYND/GVA

## HÆTTI Á HORMÓNUM OG VALDI FEMARELLE

**ICECARE KYNNIR** Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er úr jurtaefnum og slær á einkenni tíðahvarfa.

**K**ristín Bjarnadóttir fór í aðgerð þar sem þurfti að fjarlægja móðurlíf og báða eggjastokka árið 2000. „Þar sem ég var aðeins 44 ára á þeim tíma var mér ráðlagt af kvensjúkdómalækni mínum að fara á hormónalyf sem ég hef tekið síðan,“ segir hún.

„Um síðustu áramót fór ég að velta fyrir mér að hætta að taka hormón. Ég var samt í vafa því ég hafði áhyggjur af hvernig mér mundi líða án þeirra og eins hvað ég mundi geta tekið í staðinn til þess að draga úr einkennum breyttingaskeiðs.“

Þegar mér var bent á Femarelle ákvað ég að prófa það og sé ekki eftir því. Ég

komst að því að ég hafði verið með miklar aukaverkanir af hormónunum. Mér líður miklu betur að öllu leyti eftir að ég byrjaði að taka Femarelle, verkir í stoðkerfi hafa minnkað stórlega og svæsum og þrálátum höfuðverkjaköstum hefur fækkað en þau stóðu oft yfir í nokkra daga.

Í dag líður mér miklu betur að öllu leyti, þökk sé Femarelle.“

Virkni Femarelle er staðfest með rannsóknum síðustu 14 ár.

*Femarelle er selt í öllum apótekum, heilsuverzlunum og í heilsuhillum stórmarkaða.*

- Femarelle er öruggur kostur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef
- Náttúruleg lausn, inniheldur tofu-extract og flaxseed-duft.
- Inniheldur engin hormón.

## Flott þessi !

Skyrtumussa á  
11.900 kr.

Str. 36 - 48

4 litir : svart, hvítt.

Skyrtumussur frá  
*one two*

Opið virka daga kl. 11-18.  
Opið laugardaga kl. 11-16.

black pepper  
FASHION

Laugavegi 178 (Bólholtsmegin) | Sími 555 1516

Facebook logo and text: Klíkja á myndir og verð á Facebook

Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
holl og góð  
fæða studlar  
aðlíkamlega heilbrigði  
sem börn  
eiga retta

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir**, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is), s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson**, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir**, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is), s. 512-5427

## Börn og umhverfi

Rauði krossinn í Kópavogi mun bjóða uppá námskeið „Börn og umhverfi“ á tímabilinu apríl til maí.

Kennsla skiptist á 4 kvöld og fer fram í Hamraborg 11, 2. hæð milli 17 – 20 öll kvöldin. Námskeiðið er fyrir ungmenni á 12. aldursári og eldri. Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti sem varða umgengni og framkomu við börn.

### Námskeiðin verða haldin:

29. apríl – 03. maí  
13. maí – 16. maí  
27. maí – 30. maí

Námskeiðsgjald er kr. 8.500,-  
Innifalið: Námsgögn og hressing.

Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar. Þátttakendur fá staðfestingarskríteini að námskeiði loknu.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626 og á [kopavogur@redcross.is](mailto:kopavogur@redcross.is)

Skráning er hafin á netinu: <http://redcross.is/kopavogur>



Rauði krossinn Kópavogi

## KYNNING Á AÐALNÁMSKRÁ FYRIR FORELDRA

Heimili og skóli - landssamtök foreldra halda opinn kynningarfund á nýrri aðalnámskrá á **sal Hlíðaskóla í Reykjavík mánudaginn 22. apríl kl. 20.**

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!



Heimili og skóli  
Landssamtök foreldra

SUBURLANDSBRÁUT 24 | 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

## GALLERÍ LISTAMENN Gígja Thoroddsen

Ég, Gígja Thoroddsen verð með sýningu í Gallerí Listamenn, **Skúlagötu 32-34 laugardaginn 20. apríl – 4. maí.**

Sýningin hefst klukkan **16:00 á laugardag.**

Myndirnar mínar eru augndáleiddsla, aðal litir eru gull, silfur og kopar.

Allt í góðu og allir velkomnir.

### HÁLOFTASUMAR

Heiða stendur nú í ströngu í undirbúningsnámi fyrir flug-freyjustarfið í sumar. Hún heldur áfram með helgarþætti sína á laugardögum og sunnudögum í útvarpinu og ætlar einnig að sinna eigin tónsmíðum.

MYND/VALLI

# Í SJÖUNDA HIMNI

Á VIT ÆVINTÝRANNA Henni svipar til Marilyn Monroe og er jafnvíg á söng, leik og útvarpsþokka. Í sumar fer Hólmvíkingurinn Heiða Ólafs skýjum ofar.

Mér finnst svo fyndið að fólk haldi að ég hafi einn daginn ákveðið að teikna á mig fæðingarblett og geri það á hverjum degi. Ég er oft spurð hvort hann sé ekta og bent á að hann sé á sama stað og á Marilyn Monroe. Það er bara skemmtilegra og mér þykir vænt um fæðingarblettinn minn,“ segir Heiða blítt og brosir á sinn sjarmerandi hátt.

Vekjaraklukkan Heiðu glumdi klukkan fimm í morgun og tveimur tímum síðar var hún sest við hljóðnemann á Rás 2 og vakti hlustendur með ljúfum malanda og lagavali.

„Ég er enginn morgunhafi og vanari næturbrótti við leik og söng. Hins vegar er ég snögg fram úr rúminu á laugardagsmorgnum því ég elska að vera í útvarpi og vakna með tilhlökkun í brjósti.“

### FLUGFREYJUDRAUMAR

Heiða er nýráðin flugfreyja hjá Icelandair og segir gott að hafa fengið æfingu í að vakna eldsnemma, á flugfreyjutíma.

„Ég er ótrúlega lánsöm að geta bæði verið í útvarpinu og fluginu í sumar og það mun allt þúslast vel saman,“ segir Heiða sem átti sér ekki flugfreyjudraum á áskurárunum.

„Draumurinn kviknaði ekki fyrr en á leiklistarárunum í New York, þegar ég þurfti oft sinnis að fljúga á milli landa. Þá fór mig að gruna að starfið væri skemmtilegt og að í því myndi ég blómstra. Ég hef gaman af fólki og er lagin með fólk, sem þrýðir einmitt góða flugfreyju, að mínum dómi. Hún þarf að geta látið fólki líða vel og hafa góð áhrif á þá sem eru flughræddir.“

Heiða hlær þegar hún er spurð hvort hún muni raula vöggúvísur fyrir óróleg börn í háloftunum.

„Það kemur í ljós en vitaskuld beiti ég öllum brögðum ef með þarf og nota vopnin sem ég hef.“

Alls sóttu 1.400 umsækjendur um sumarafleysingar flugþjóna hjá Icelandair og Heiða segist stolt af því að hafa verið ráðin.

„Þetta eru ágætis meðmæli því kröfur eru miklar. Ég viðurkenni að vera þínulítið flughrædd en eftir strangt undirbúningsnámi

skleið og að sjá að starfið snýst ekki bara um að skenkja kaffi er ég eingöngu spennst og full tilhlökkunar fyrir sumrinu.“

### FANN ÁSTINA Í POPPLANDI

Heiða hefur verið dagskrárgerðarmaður á Rás 2 síðan hún hóf þar störf í afleysingum sumarið 2008.

„Þar með rættist einn af mínum stóru draumum. Rás 2 hefur alltaf verið stöðin mín enda náðist ekki önnur á Hólmavík,“ segir Heiða, sem er rómuð fyrir ljúfa og notalega nærveru í útvarpinu.

„Mér þykir hægagangur bestur og þarf mitt næði og ró á morgnana. Ég vek hlustendur því í rólegheitum og sérvél mjúka tóna fyrir eyrun þótt sumir vilji líka fjör í upphafi nýs dags þegar þeir loks eiga náðarstund frá amstri hvunnadagsins til að hlusta.“

Forlögin gripu í taumana og

Amor lá í leyni þegar Heiða réðst til vinnu á Rás 2 því í Popplandi urðu þau Matthías Már Magnússon útvarpsmaður ástfangin. Þau eru nú í sambúð, eiga hund og hann á litla dóttur sem kemur til þeirra aðra hverja helgi.

„Það eru mikil fríðindi fyrir þau að hafa sömu áhugamál og að vinna á sama stað. Okkar bestu kvöld eru á virkum dögum því bæði vinnum við mikið um helgar og höfum þá minni tíma en ella til að njóta lífsins saman.“

### EINFARI MEÐ KÖLLUN

Heiða er uppalin á Hólmavík á Ströndum og fer vestur eins oft og færi gefst.

„Ég er svo heppin að eiga enn athvarf á Hólmavík því þar á ég foreldra, tvær ömmur og einn afa. Ég þarf sálrænt á því að halda að leika og syngja en vissi ung að það gæti ekki gert að lifibrauði heima á Hólmavík. Ég er afar privat manneskja og valdi þessa leið af köllun en er minna gefin fyrir sviðsljósið.“

Heiða kveðst vera jafnmikil sveitastelpa og hún er borgarbarn í dag. „Ég myndi ekki una mér í sveit því vinnan mín er ekki þar. Þó er ég einfari að eðlisfari og hugnaðist vel að vera ein í milljónasamfélaginu í New York. Þar var ég minna stressuð en ég er í Reykjavík þar sem maður er alltaf á rauðu ljósi og hraðinn og streitan er meiri.“

### EINLÆGAR TÓNSMÍÐAR

Heiða útskrifaðist sem leikkona úr Circle in the Square Theater School í New York, þeim sama og Óskarsverðlaunahafinn Phillip Seymour Hoffman.

„Eftir heimkomuna hef ég verið heppin að fá skemmtileg hlutverk en gerði mér engar vonir um að fólk gæfi mér tækifæri. Ég reiknaði frekar með viðkvæðinu hvað söngkonan Heiða vildi upp á dekk í leikhúsinu,“ segir Heiða, sem hefur bæði leikið á fjöllum Þjóðleikhússins og í sjónvarpi.

Í vetur hefur Heiða einnig kennt söng og þegar flugfreyjuþrófum lýkur ætlar hún að gefa sér tíma til að sinna eigin tónlistarsköpun.

„Ég hef sungið svo mikið fyrir aðra og það hefur setið á hakanum að vinna fyrir sjálfa mig. Því ætla ég að setja mér vinnureglur og sinna eigin sköpunarkrafti. Ég sem bæði lög og ljóð og finnst þar mikilvægast að

vera einlæg, að semja út frá eigin, sönnu tilfinningum, því einlæginn skilar sér til fólksins. Vonandi verður því skammt að bíða plötu með eigin lagasmíðum og söng,“ segir Heiða.

Þegar frítími gefst kýs Heiða að hitta vini, fara í leikhús og borða góðan mat.

„Við búum í göngufæri við bróður minn og mágkonu sem er listakokkur. Sjálf elda ég sjaldan og kannski eins gott því ég þarf alltaf að passa línurnar. Ég er svo mikill sælkeri og nota þá ótæpilega smjör og rjóma.“ ■ [thordis@365.is](mailto:thordis@365.is)

# ENINGS

Nýr og spennandi réttur sem þú  
verður að smakka

Verið hjartanlega  
Velkomin á

*Nings*

5889899



## GRILLUÐ KJÚKLINGA BRINGA

með brokkoli, chilli,  
hvítlauk, engifer og  
yakitori sósu

1850 kr.



Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00

Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði

[www.nings.is](http://www.nings.is)

Færðu á [www.nings.is](http://www.nings.is)  
kíktu á matsæðilinn, skoðaðu næringargildin  
eða fylgdstu með herra Ning elda okkar klassísku rétti



**NINGS**  
Suðurlandsbraut 6  
**NINGS**  
Stórhöfða 17 við Gullinbrú  
**NINGS**  
Hlíðasmára 12 Kópavogi  
Sími 588 9899  
**www.nings.is**

# KEBAB ER HOLLUR SKYNDIBITI

**KEBAB-CENTER KYNNIR** Á Dalvegi 2 í Kópavogi er Kebab-Center sem margir hafa tekið fagnandi. Veitingahúsið er við hlið Castello-pizza en sömu eigendur reka staðina.

**K**ebab er þunnskorið kjöt sem lagt er á spjót lag fyrir lag og eldað við háan hita. Kebab-máltíðir eru vinsælar í Mið-Austurlöndum þaðan sem þær eru upprunnar. Þeir sem hafa komið til Tyrklands hafa væntanlega séð marga kebab-staði, enda eru þeir algengir þar í landi. Kebab hefur sömuleiðis verið vinsæll réttur á Balkanskaga. Í dag er kebab hluti af daglegri matargerð víða um heim. Armend Zogaj, eigandi Kebab-Center og Castello, segir að eftir að staðurinn var opnaður fyrir ári hafi vinsældir kebabs stöðugt verið að aukast og staðurinn hefur eignast marga fastagesti. „Þetta er kebab eins og fólk er vant að fá í útlöndum. Við notum einungis gæðakjöt, bæði lamb og kjúkling. Áður en við opnuðum staðinn fór starfsmaður frá okkur á námskeið í Tyrklandi til að læra að gera þetta rétt. Þar fengum við uppskriftir og lærðum handbragðið,“ segir Armend, sem er frá Kósóvó. „Svo virðist sem Íslendingar þekki kebab mjög vel, enda er þetta hollur skyndibiti sem tekur mjög stuttan tíma að afgreiða. „Hér er alltaf mikið að gera í hádeginu,“ segir Armend.



**GIRNILEGT** Armend Zogaj segir að Íslendingar séu mjög hrifnir af kebab, enda er aðeins notað gæðahráefni. MYNDR/STEFAN

**KEBAB-CENTER**  
**HÆGT ER AÐ SKOÐA MATSEÐILINN OG TILBOÐ Á SÍÐUNNI: KEBAB-CENTER.IS EN EINNIG ER MÖGULEGT AÐ BORÐA Á STAÐNUM. OPIÐ ER ALLA DAGA FRÁ 10-22. SÍMI 581 1717.**

## Spennandi ferðir út í heim

Paradísareyjan  
**Sri Lanka**  
19. október - 1. nóvember



**Innifalið:** Hálf tæði, flug, hótél, skattar, íslenskur fararstjóri og allar ferðir m.a. Safarí ferð um Yala þjóðgarðinn.

Verð per mann í 2ja manna herbergi **499.920 kr**

Náttúra, menning og fjölbreytt dýralíf sem eiga varla sinn líkan, ævintýraleg upplifun í einstöku umhverfi. Eyjan sem Sinbað safarí og Marco Polo heimsóttu á ferðum sínum. Við kynnumst framandi en heillandi heimi sem tekur á móti ferðalöngum með opnum örmum.

Verð per mann í 2ja manna herbergi **464.329 kr**

**Innifalið:** Flug, hótél, allar ferðir, skattar og íslenskur fararstjóri.



Ævintýri  
**Mexíkó, Guatemala og Belize**  
5. - 18. október 2013

Við kynnumst stórkostlegri náttúru, dýralífi og hinum forna menningarheimi Maya indiana. Skoðum m.a. hin þekktu piramída Tulum, gamlar menningaborgir, syndum í sjónum við næst stærsta kóralríf heims og upplifum regnskóginn. Við tökum svo nokkra daga á luxus hóteli við Karabíska hafið þar sem allt er innifalið.

Hin fagra og forna Albanía  
**Albanía**  
28. sept. - 8. okt. 2013



Verð per mann í 2ja tveggja manna herbergi **314.061 kr**  
**Innifalið:** Flug, hótél, skattar, hálf tæði, allar ferðir, aðgangur þar sem við á og íslenskur fararstjóri

Albanía hefur nú loksins opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðafæðingin ekki náð að festa þar rætur og er lítt sjáanleg. Þar má sjá ævafora menningu, söguna á hverju horni, gríðarfallaga náttúru og fagrar strendur og kynna einstakri gestrisni heimamanna þar sem gömul gildi eru í hávegum höfð.



**Trans - Atlantic**  
Sími 588 8900



**www.transatlantic.is**

## VEISLA Á LAUGAVEGI

**BORÐ FYRIR TVO KYNNIR** Slegið verður upp veislu í dag með sérstökum brúðkaupsdegi í versluninni Borð fyrir tvo. Margt skemmtilegt verður í boði fyrir verðandi brúðhjón frá kl. 12-16.

**Þ**egar gifting er í vændum er margt sem huga þarf að. Verslunin Borð fyrir tvo ætlar að auðvelda fólk í þessum hugleiðingum leitina með því að efna til sérstaks brúðkaupsdags. „Við ætlum að höfða til þeirra sem eru á leið í hnapphelduna. Bjóðum upp á sérstakan brúðgafalista og kynnum vinsælar vörur fyrir væntanlegum brúðhjónum og þeim sem ætla að gefa þeim gjafir. Verslunin hefur verið skreytt á viðeigandi hátt og tónlistin mun óma frá Svenna Þór sem mun skemmta gestum,“ segir Una Gunnarsdóttir, eigandi verslunarinnar.

Ostaverslunin Búrið verður með kynningu á girnilegum veislubökkum og gefur smakk. Boðið verður upp á vinsmökkun og fagurlega skreyttar bollakökur frá Thelmu, auk franskra makkarónukaka sem hafa verið vinsælar undanfarið.

„Matarstell, glós og hnífaparasett eru alltaf vinsæl til gjafa. Einnig vandaðir dúkar og ýmis gjafavara,“ segir Una. Við erum með matarstell sem margir eru að safna og óska sér í brúðgjöf. Ég hef verið með matarstell frá sömu framleiðendum í átta ár og legg mikinn metnað í að vera með stell sem auðvelt er að safna. Þetta er vönduð vara sem má setja í uppþvottavél,“ segir Una.

Þetta er í fyrsta skipti sem Una heldur slíkan brúðkaupsdag en áður hefur hún tekið þátt í brúðarsýningum. „Það auðveldar fólk að geta komið og skoðað á svona sérstökum degi. Að auki



gefum við öllum brúðhjónum sem skrá sig á brúðgafalista gjöf sem er að verðmæti 10% af því sem verslað er af listanum. Ég vonast til að margir komi í heimsókn til okkar í dag,“ segir Una.

Verslunin Borð fyrir tvo er að Laugavegi 96, sími 568 2221. Borð fyrir tvo er á Facebook.

**FALLEGT** Una Gunnarsdóttir í búðinni sem hefur verið skreytt í tilefni dagsins. MYNDR/PIETUR







## Atvinna í boði

## BYLTING Á ÍSLANDI

XL XT og Sturla Jónsson skila þjóðinni frelsi Til handfæraveiða allt árið. Pitt er valið.

Upplýsinga og bókuþjónusta fyrir ferðamenn, óskar eftir manneskju í hlutastarf í sumar/með möguleika á áframhald í vetur. Árangurstengd laun, vinnutími ca 10-15. Umsóknir, ásamt ferilskrám, óskast sendar á kallibjartur@gmail.com

Óskum eftir að ráða verkamenn vana hellulögnum og lóðafarmkvæmdum, vinnuvélapróf æskilegt/meirapróf. Íslenska skilyrði ásamt reykleysi. Upplýsingar gefur Hörður í síma 895-0570 Garðvélur ehf.

**ÁLFASALA SÁÁ 6 - 12 MAÍ.**  
SÁÁ vantar öflugt sölufolk til að selja Álfinn. Góð söluauki í boði. Skráning í sínum 530 7600 824 7646 eða á hilmarsaa.is

## Atvinna óskast

## VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannþjónusta  
S. 661 7000. Proventus.is

Vanur meiraprófsbilstjóri óskar eftir vinnu sem fyrst. Er duglegur og reglusamur. Allt kemur til greina. S:774 6457

## Tilkynningar

Uppskeruhátið í Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31 í Reykjavík Sýningarhelgi 20 og 21. apríl opið. Muna- og myndasýning og fjölbreyttar upptakur ýmissa hópa Opið laugardag kl.10.30 - 17 og sunnudag kl.13 - 17

## Einkamál

## Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt frítt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

## Heitar kynsögur

905-2002 • 535-9930

## Símadómur • live spjall

908-6000 • 535-9999

Björt framtíð óskar eftir kynnum við fólk sem vill taka á brottfalli úr skólakerfinu með meiri fjölbreytni og sveigjanleika í námsleiðum. Björt framtíð - XA.

## SPJALLDÖMUR 908 5500

Ertu einmanni?  
Langar þig til þess að tala við símadömu.  
Opið þegar þér hentar, hlökkum til að heyrja í þér.

## skemmtanir



## Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

“Best geymda leyndarmál Kópavogs”

## Leikir helgarinnar:

Laugardagur 20. apríl:

13:45 Fulham - Arsenal

13:53 Sunderland - Everton

Sunnudagur 21. apríl

12:20 Tottenham - Man. City

14:45 Liverpool - Chelsea



Rúnar Þór ásamt  
Reyni úr Ýr  
og Sigga Árna.,  
spila í kvöld!

Allir velkomnir



<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgartilboð • Veislusalur til útleigu

## Lóð óskast

Óska eftir lóð á höfuðborgar-  
svæðinu undir rað- par eða  
fjölbýlishús.

Áhugasamir sendi línu á: byggingar@outlook.com

## fasteignir

TVEIR GÓÐIR OG VEL MEÐ FARNIR  
SUMARBÚSTAÐIR TIL SÖLU!KRINGLUMÝRARVEGUR 3  
GRÍMSNESI - RÉTT VIÐ ÞRASTARLUND

Stærð 65 fm. Skiptist í 2 svefnherbergi, sólstofu, stofu, eldhús, bað og 2 útigeymslur. Stór verönd. Heitur pottur. Bústaður var endurnýjaður að mestu árið 2006. Fallegt umhverfi með miklum gróðri. Stutt í marga góða golfvelli. Stutt til Reykjavíkur og í alla helstu þjónustu. Eignarland. Verð aðeins 16.900.000 kr.



## BJARKARBRAUT 15

## GRÍMSNESI - VIÐ HLIÐINA Á MINNI BORG

Stærð 60 fm. Skiptist í 2 svefnherbergi, stofu, baðherbergi, eldhús og rúmgóða útigeymslu. Stór verönd með heitum potti. Bústaðurinn hefur fengið mjög gott viðhald. Fallegt og gróð umhverfi. Gott sambýli með öðrum bústaðaeigendum. Minni Borg með sundlaug og verslun rétt við hliðina. Golfvöllur rétt hjá. Stutt til Reykjavíkur. Eignarland. Verð aðeins 14.900.000 kr.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Einarsson, löggiltur fasteignasali í síma 512 4900 eða á netfanginu magnus@landmark.is



MAGNÚS EINARSSON  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 512 4900

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLI 4 - LANDMARK.IS

## fasteignir

## Glæsilegt einbýli Kópavogsmegin við Fossvoginn



Valhöll fasteignasala og Heiðar Friðjónsson lögg. fast kynna glæsilegt 330,4 fm einbýlishús á besta stað við Fossvoginn. Húsið stendur við Huldubraut í Kópavogi, neðst við sjávarkambinn, og úr því er glæsilegt útsýni yfir Fossvoginn, Ylströndina, Perluna, Esjuna, og út á Skerjafjörð.



**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477  
Opið virka daga frá kl. 9-17

Allar nánari upplýsingar veitir Heiðar Friðjónsson lögg.fast. í s: 693-3356 eða: heidar@valholl.is

Ingólfur Gissurarson lög. • Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477

## Til leigu 157 m2 húsnæði á 1. hæð í Síðumúla 10

Til leigu bjart og gott 157 m2 húsnæði á 1. hæð í Síðumúla 10. Húsnæðið hentar vel fyrir verslun, veitingarekstur, þjónustu eða skrifstofu. Góð bílastæði, þægileg aðkoma og mikill sýnileiki frá Síðumúla.

Húsið hefur verið nýlega verið endurnýjað að utan og skipt um glugga. Að innan er unnið að standsetningu en útfærsla verður útfærð skv. nánara samkomulagi leigusala og leigutaka. Hér er möguleiki fyrir leigutaka að skipuleggja innviði að eigin þörfum. Húsnæðið er laust við undirritun leigusamnings.

Nánari upplýsingar veitir Gísli í síma 520 5788

